



GLÍMUFÉLAGIÐ ÁRMANN

STOFNAÐ 15. DESEMBER 1888



Afreksstefna Ármanns

Afreksstefna Ármanns nær til ársins 2017 og verður endurskoðuð það ár.

Afreksfólk á alþjóða mælikvarða eru þeir einstaklingar eða lið sem hafa getu til að vera í verðlaunasætum á álfu-, heimsmeistara- eða Ólympíuleikum.

Afreksfólk á Íslenskan mælikvarða eru þeir einstaklingar eða lið sem hafa getu til að vera í verðlaunasæti á landsmótum.

Markmið Ármanns er í samræmi við sameiginlegt markmið íþróttahreyfingarinnar og það er að Ármenningar eigi hverju sinni afreksmenn og afreksflokka í íþróttum er skipi sér á bekk með þeim bestu í heiminum og að stöðugt hækki afreksstig. Í því felst að efla hæfni og færni þeirra sem að afreksíþróttastarfinu koma og sem með afreksíþróttamanninum vinna, tryggja möguleika afreksíþróttamanna framtíðarinnar til að ná settu marki, stuðla að bættum framfærsluáðstæðum íþróttamannsins og auka þjálfunarkunnáttu innan félagsins.

Öll vinna að því að ná settu marki í afreksíþróttum skal eiga sér stað innan siðferðisgilda íþróttanna. Enn fremur ber að stefna að því að ástundun afreksíþróttamanna sé hluti af lífsmunstri og þau ár sem einstaklingurinn helgar íþróttinni krafta sína komi það ekki niður á þroska einstaklingsins og undirbúningi undir að takast á við lífið að íþróttiferli loknum.

Til þess að ná settu marki ber að beita þeim ráðum sem fyrir hendi eru til íþróttagreina og einstaklinga sem sýnt hafa getu til að skipa sér á bekk með þeim bestu. Allir, sem hátt stefna, hafa möguleika á að njóta stuðnings er árangur og geta ræður ferðinni um áframhald og möguleika á stuðningi.

Afrek er uppskera margra ára markvissrar starfsemi og lítil von er um árangur án faglegra vinnubragða og viðundandi starfsumhverfis íþróttamannsins til að þroska hæfileika sína.



GLÍMUFÉLAGIÐ ÁRMANN

STOFNAÐ 15. DESEMBER 1888



Afrekssjóður Ármanns

Afrekssjóður Ármanns var stofnaður 11. október 2008, þegar haldið var upp á 120 ára afmæli félagsins. Markmið sjóðsins er að veita afreksíþróttafólki í Ármanni, 15 ára og eldri, fjárhagslegan styrk vegna og/eða keppni og búa þeim þannig betri aðstöðu til að stunda íþrótt sína.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 25.03 2026